



Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar Guðmundur Gunnarsson.

Hér með er fariðfram á að Ísafjarðarbær láti framkvæma aðkallandi viðgerð á bryggjunni í Bæjum. Sótt verði um styrh til verksins úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða en Ísafjarðarbær kosti það sem ekki fæst greitt úr opinberum sjóðum.

Ég er einn af 9 fassteignaeigendum á Snæfjallaströnd sem nota íbúðarhús á sumrin, en auk þess er hlunnindabúskapur í Æðey og ferðapjónusta í Dalbæ.

Bryggja var byggð í Bæum 1945 og var fyrsta ferjubryggjan á sveitabæ við Ísafjarðardjúp og lönugm notuð fyrir Djúpbátin. Síðustu tvo áratugi hefur verið vaxandi ferðamannastraumur um Snæfjallaströnd og bryggjan oft notuð til að flytja farangur gönguhópa á milli bryggjunnar Sandeyrar og Grunnavíkur. Einnig þarf stundum að fara sjóleidis að bryggjunni vegna viðhalds í Radóstöðinni Bæjum og sendistöð neyðarlínu á Bæjabrún, ekki síst að veri til þegar ófært er út fyrir Kaldalón. Fnnfremur er hægt að nefna flutninga á byggingaefni og fleiru sem flutt hefur verið til eyðibryggða morðan Snæfjallastrandar.

Bryggjunni í Bæjum hefur litið verið haldið við á síðustu árum og nú er orðið varasmt að fólk fari um hana og gæti valdið slysum. Snæfjallaströnd er hluti af Ísafjarðarbæ, fasteignagjöld innheimt þar og bærinn á að sjá um að bryggjan sé nothæf og ekki hættulegt að nota hana.

Virðingarfyllst .

i fyrstu viku aprí 2019



Engilbert S. Ingvarsson

Daniel Jakobsson form. bæjarráðs
fær samrít.